

Akranesi, 13. mars 2017

1250. fundur bæjarstjórnar

3. fundarliður – 3204. fundargerð bæjarráðs (14. liður)

Tillaga að ályktun bæjarstjórnar

Við undirrituð leggjum til að bæjarstjórn samþykki og sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

"Bæjarstjórn Akraness hvetur alþingismenn til þess að taka tillit til ábendinga landlæknis og heilbrigðisstarfsfólks þegar þeir gera upp hug sinn varðandi frumvarp það sem liggur fyrir Alþingi, um afnám einkaleyfis Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á smásölu áfengis og heimilar áfengisauglýsingar.


Landlæknir, heilbrigðisstarfsfólk, samtök lækna og fjölmargir aðilar sem vinna að heilsueflingu og velferðarmálum vara við þeirri breytingu sem felst í samþykkt frumvarpsins og benda á að rannsóknir sýna að aukið aðgengi að áfengi, sem verður með mikilli fjölgun sölustaða, leiðir til aukinnar neyslu, meðal annars meðal barna og ungmenna. Kannanir sýna að meirihluti landsmanna er andvígur frumvarpinu. Þessar ábendingar verður að taka alvarlega.

Íslendingar hafa tekið forvarnir gegn ávana- og vímuefnaneyslu barna og ungmenna föstum tókum og náð þar undraverðum árangri. Bæjarstjórn Akraness leggur mikla áherslu á forvarnastarf og setur í forgang að búa börnum og ungmennum sem best uppvaxtarskilyrði. Á undanförunum árum hafa kannanir sýnt, að ávana- og vímuefnaneysla barna og ungmenna á Akranesi er með því allra minnsta sem þekktist hér á landi. Það er mikilvægt að við glutrum ekki niður þessum góða árangri. Við eigum að láta hagsmuni og velferð barna og ungmenna njóta forgangs í allri stefnumörkun. Aukið aðgengi að áfengi og áróður í formi áfengisauglýsinga gengur gegn því sjónarmiði."



Ingibjörg Valdimarsdóttir

Bæjarfulltrúi



Valgarður L. Jónsson

Bæjarfulltrúi